



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	8. fundur stjórnar KLÍ 2017-2018
Staðsetning:	Skrifstofa KLÍ
Hvenær:	15. Febrúar 2018 kl 19:00
Pátttakendur:	Ásgrímur Helgi Einarsson (ÁHE) Formaður Bragi Már Bragason (BMB) Varamaður Valgeir Guðbjartsson (VG) Varamaður Bjarni Páll Jakobsson (BP) Varaformaður
Boðuð forföll:	Björgvin Valdimarsson (BV) Meðstjórnandi Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir (SUV) Gjaldkeri Stefán Claessen (SC) Varamaður Hafþór Harðarson (HH) Meðstjórnandi
Fjarverandi:	
Fundarritari:	BP

Dagskrá fundar

1. Síðasta fundargerð
2. Mál frá ÍR vegna úrslita í leik KFR-Frænda og ÍR-keila.is
3. Afreks og landsliðsmál
4. Ársþing KLÍ
5. Íslandsmót framundan
6. Útbreiðslubeiðnir frá ÍR
7. Önnur mál

Fundargerð síðasta fundar

Samþykkt

Mál frá ÍR gegn KFR

Áframhaldandi umræða um niðurstöðu stjórnar. Bréfaskrif hafa verið við ÍR vegna málsins en niðurstaða stjórnar stendur.

Afreks og landsliðsmál

Tillaga landsliðsnefndar að ráða Robert Andersson sem landsliðsráðgjafa/stjóra samþykkt af stjórn og hefur hann þegar myndað nýjan afrekshóp karla ásamt því að vera til taks fyrir hina hópana.

Árþing KLÍ

Árþing verður sunnudaginn 27. maí og verður í umsjón ÍR. Hafsteinn Pálsson verður þingforseti. Skoða þarf hvaða reglugerðabreytingar þarf að leggja fram og huga þarf að reglugerð um íslandsmót og venslasamninga með tilliti til þeirra mála sem upp hafa komið að undanfögnu. Reglugerð um Aganefnd á að fara fyrir formannafund. BMB ætlar að skoða hvort setja þurfi í lög að stjórn/formannafundur hafi heimild til að gera reglugerðabreytingar. ÁHE ætlar að setja niður tímalínu um fundarboð og annað. BP ætlar að skoða hvar þurfi að breyta vitnunum í gjaldskrá KLÍ

Íslandsmót framundan

Rætt um nokkur Íslandsmót sem eru framundan. Varðandi Íslandsmót einstaklinga þá þarf að laga útsendinguna varðandi skor og annað. Reyna að fá Björn Guðgeir með okkur til að vinna að þessum málum. Skoða þarf einnig úrslit í Bikar hvað það muni kosta að fá SPORTTV til að sýna frá þeim.

Útbreiðslustyrksbeiðnir frá ÍR

Stjórn bárust tvær styrksbeiðnir frá ÍR annars vegar vegna RIG mótsins og hins vegar vegna námskeiðs með Robert Andersson á þeirra vegum. Samþykkt að veita helming af kostnaði útsetningar mótsins eða 75.000 kr en neitað um styrk vegna námskeiðs með Robert þar sem það var einungis fyrir félagsmenn ÍR.

Önnur mál

1. Tekin fyrir fyrirspurn frá Þorleifi Hreiðarssyni vegna atviks í utandeild þar sem leikmaður átti að hafa skipt milli þess að nota tvær hendur og eina. Það er ekkert sem bannar slíka spilamennsku ásamt því að um er að ræða C mót, ÁHE ætlar að svara.
2. Tekið fyrir mál sem stjórn hafði borist frá framkvæmdastjóra KLÍ vegna framkvæmdar á viðureign ÍR-PLS og KFR-Þrasta. VG og BPJ viku af fundi og BV kom inn á fundinn í gegnum Skype. SUV hafði verið send málavexti í tölvupósti og hafði svarað póstinum með sínum skoðunum. Málið rætt fram og til baka og samhljóma niðurstaða varð að úrslit leiksins skuli ómerk og leika skuli leikinn aftur á kostnað liðanna. ÁHE sendir niðurstöðu á félögin og birtir á heimasíðu KLÍ.